

“Aksjón” á Efra-Seli.

Í tilefni af tilflutningum á milli torfusnepla og til Noregs er ætlunin að halda “Aksjón” í golfskálanum á Efra-Seli. 50 % af sölu dagsins, þar með talið pizzusölu, rennur í sjóð aldraðra sem til dæmis nýtist til uppbyggingar á þjónustuíbúðum.

Aksjónin hefst kl. 14.00, laugardaginn 26. nóvember n.k.

Til sölu verða ýmis húsgögn og fleira sem tengist búslóðum, s.s. sófa-sett, ísskápur, stólar, borð, innrétting, sjónvarp, rúm, ýmsir smámunir ofl.. Einnig forlát fjósvipta sem ekki er komin á síðasta snúning og fleira í búreksturinn.

Allir velkomnir að koma og bjóða í munina. Kaffi-Sel verður opið frá kl. 12.00 til 21.00 sama dag og því hægt að gæða sér á gómsætum veitingum.

Starfsmenn sölunnar verða Ísólfulur Gylfi, sveitarstjóri og Unnsteinn Logi.

Samkaup **strax**

Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga: **09:00-19:00**

Laugardaga: **10:00-19:00**

Sunnudaga: **10:00-17:00**

Verið velkomin
Starfsfólk Samkaup Strax
Flúðum



187. tbl. 15. árgangur

Nóvember..2005

Ritstjóri: Ísólfulur Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Aðalskipulagi loks að ljúka.

Í síðustu viku barst bréf frá Skipulagsstofnun þar sem fram kom að Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003 – 2015 sé nú á lokastigi. Innan tíðar munum við skrifa undir skipulagið og munum þá bjóða umhverfisráðherra Sigríði Önnu Þórðardóttur hingað til þess að undirrita skipulagið til endanlegrar staðfestingar. En eins og áður hefur komið fram nær aðalskipulagið ekki inn á hálendið í þessum áfanga. Einnig verður fljótlega fjallað um frístundabyggðir og fleira sem fresta varð við gerð skipulagsins.

Efnisyfirlit.

Íslenska, lykill að samfélaginu

Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

9. des

Skilafrestur á efni:

6. des

Sundlaugin á Flúðum:

Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga

17:00-21:30

Laugardaga og sunnudaga

13:00-18:00.

Íslenskan lykkillinn að samfélaginu.

Á dögunum sótti ég ráðstefnu þar sem fram kom að íbúar Hrunamannahrepps af erlendu bergi brotnir séu um 9.6 % íbúanna. Þetta er hátt hlutfall sem þýðir í raun að einn af hverjum tíu íbúum er að erlendu bergi brotinn. Við höfum gert óformlega rannsókn á þessum tölum og þær eru nærri lagi. Hluti af þessu góða fólki er af norrænum stofni og kemur af mjög svipuðu menningarsvæði og okkar. Þetta vekur okkur einnig til umhugsunar hve miklu máli skiptir að útlendingar sem til Íslands flytja læri íslensku og taki þátt í íslensku samfélagi. Íslenskan er lykkillinn að því að komast inn í samfélagið og menningu okkar. Auðvitað getum við einnig mjög margt gott lært af menningu og reynslu þessara þegna. Nærtækt dæmi er um listamennina okkar þau Edit Molnár og Miklos Dalmay. Liðveisla þeirra og þátttaka í söng-, tónlistar- og mannlífi í Hrunamannahreppi og á landsvísu er algerlega ómetanleg. Ferð þeirra með Karlakór Hreppamanna til Búdapest í síðasta mánuði vikkar einnig sjóndeildarhring þátttakenda og fólk gerir sér enn gleggri grein fyrir mismunandi siðum og menningu þjóða. Við verðum að hafa það hugfast að erlendir starfsmenn hér á landi eru manneskjur með mismunandi reynslu, mismunandi menntun og mismunandi drauma. Þeir eru ekki einungis starfskraftur sem kemur hingað vegna atvinnuleysis, í kjölfar þjóðfélagsbreytinga, sem eiga sér stað og stundum er nefnd alþjóðavæðing. Íslendingar stóðu e.t.v. í sambærilegum sporum fyrir meira en einni öld, þegar fjöldi fólks flutti til Vesturheims vegna erfiðra lífskjara hér á Fróni. Það er skylda atvinnurekenda og samfélagsins í heild að skapa erlendu starfsfólki eins góðar aðstæður og mögulegt er. Dæmin sýna að þeir útlendingar sem leggja sig fram við að læra íslensku gengur vel að fóta sig í íslensku samfélagi. Hrunamannahreppur má ekki láta sitt eftir liggja í þessum efnum. Það er ekki úr vegi að minnst á þetta núna því dagur íslenskrar tungu er einmitt 16. nóvember 2005. Vandræði sem hafa komið upp í nágrannaþjóðum okkar vegna innflytjenda eru einmitt af þeim toga að þeir hafa ekki lært viðkomandi tungumál eða tekið þátt og tileinkað sér menningu viðkomandi lands.

Ísólfur Gylfi Pálmsón, sveitarstjóri

Jóga

Er með jóгатíma á laugardagsmorgnum í leikskólanum.
Kl. 9.30 Byrjendur og eldra fólki
Kl. 10.45 Opnir tímar- allir velkomnir.
Núna fyrir jól er annað hvort hægt að kaupa
5 tíma kort eða staka tíma.
Allar nánari upplýsingar gefur
Aðalheiður Jónsdóttir í síma 4866777 eða 8980677.

Hestafólk A.T.H.

Eftir áramót mun ég opna hestamiðstöð í
Langholtskoti.
Tek hesta í tamningu og þjálfun.
Hross í inni fóðrun.
Leigi einnig út aðstöðu fyrir hestafólk.

Upplýsingar í síma 8990772
Guðmann (Manni)

Leikjatölva.

Til sölu PSP leikjatalva, glæný og ónotuð.
Upplýsingar í síma 8616652 Vigdís.

Búfjáreigendur athugið!

Munið að skila forðagæsluskýrslum fyrir 20. nóvember.
Hægt er að skila skýrslum á Skrifstofu Hrunamannahrepps.
Búfjáreftirlitsmaður.
Loftur Þorsteinsson

Símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

480 5300

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

FLYTJANDI og **FLÚÐALEIÐ ehf.**

Ferðaáætlun í uppsveitir Árneshlíða

(Grímsnes, Laugardalur, Biskupstungur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur)

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum 15): alla virka daga kl: **13⁰⁰**

Brottför frá Selfossi (Húsasmíðjunni, Byko og Flytjanda): alla virka daga kl: **14⁰⁰**

Aukaferð farinn frá Reykjavík kl: **16⁰⁰** alla föstudaga.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum.

Bílstjórar:

Pálmar: 892-2370 Stefan: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludaleid@simnet.is

Flúðahljómsveitin Hjálmar láta sitt ekki eftir liggja.

Hljómsveitin Hjálmar ein heitasta hljómsveit landsins er að verða rós í hnappagati okkar í kynningu á Flúðum og sveitarfélaginu í heild. Nú ætla þeir að halda útgáfutónleika í Félagsheimili Hrunamannahrepps föstudagskvöldið 11. nóvember. Tónleikarnir verða teknir upp og þeim útvarpað á Rás 2. Líklegt er að skagamaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson verði við hljóðnemann og kynni “ég verð að fá mér kærustu” sem er titillag plötunnar eins og áður hefur fram komið. Nokkrir styrktaraðilar á staðnum koma nálægt tónleikunum og getum við verið stolt af því að þessi frábæra hljómsveit skuli einmitt velja Flúðir til þess að kynna nýjan disk sinn, sem þeir tóku einmitt upp hér í haust.

Munaði einu þútti að Kalli kæmist í landsliðið.

Hinum áhugasömu golfmönnum í Hrunamannahreppi er ekki fisjað saman. Fyrsti varamaður í landsliði öldunga 70 ára og eldri var Karl Gunnlaugsson. Annar varamaður var Jóhannes Sigmundsson og þriðji varamaður var Emil Gunnlaugsson. Aðeins munaði einu þútti að Karl færi í landsliðið að þessu sinni. Hann hefur verið í landsliðinu í þriðgang árin 2001, 2002 og 2003. Emil var í landsliðinu árið 2004. Það er óhætt að segja að þeir eru magnaðir golfmennirnir í Golfklúbbi Flúða.

Opnunartími sundlaugar

Afar lítil aðsókn er að sundlauginni milli kl. 21. og 21.30. Ef ekki verður breyting á munum við loka lauginni fyrir eða kl. 21.00. Á sama hátt hafa heyrst raddir um hvort sérstakur tími ætti að vera fyrir eldra fólk fyrir að deginum. Gott væri að heyra frá notendum sundlaugarinnar í hvað þetta varðar.

Íbúðir fyrir aldraða.

Vinna nefndar sem kannað hefur möguleika á byggingu íbúða fyrir aldraða er á lokastigi. Nefndin hefur unnið mjög vel og skipulega og skoðað ýmsa þá möguleika sem í boði eru. Eðlilega sýnist sitt hverjum en víst er að nefndin hefur staðið sig mjög vel. Nefndin mun senda út dreifibréf þar sem allir þeir sem áhuga hafa á að halda áfram með málið verður boðið til fundar. Allt bendir til þess að fundurinn verði mánudaginn 21. nóvember n.k. í Félagsheimilinu.

Tímamót í Hrunakirkju.

S.l. sunnudag var þess minnst að 140 ár eru liðin frá byggingu kirkjunnar í Hruna. Þar var mikið um dýrðir. Sr. Eiríkur og Edit skipulögðu helgihaldið ásamt sínu fólki. Skólakór Flúðaskóla leiddi söng ásamt góðum gestum, stúlknaðkór Landakirkju undir stjórn Editar Molnár, Guðrúnar Helgu Bjarnadóttur og Jóhönnu Wlaszczyk. Sr. Halldór Reynisson flutti predikun og Sr. Kristján Björnsson þjónaði fyrir altari ásamt sóknarpresti okkar Sr. Eiríki Jóhannssyni. Að athöfn lokinni var boðið uppá veitingar í safnaðarheimilinu í Hruna.

Fjósbyggingar og mjólkurþjónar.

Það hefur eðlilega vakið mikla athygli hve framsæknir mjólkurframleiðendur eru í hreppnum okkar. Talað hefur verið um heimsmet í notkun mjólkurþjóna á Íslandi. Þá er næsta víst, eins og stundum er sagt þegar verið er að lýsa kappleikjum í útvarpi og sjónvarpi, að við eigum örugglega Íslands og heimsmet hér í hreppnum í nútímavæðingu í fjósum, hvað varðar notkun þessara undratækja. Þá miðum við að sjálfsögðu við mannfjölda eins og svo vinsælt er að gera hér á landi.

Góður rómur að söng karlakórsins

Mikið hefur verið um að vera hjá Karlakór Hreppamanna að undanförmu. Fyrst lá leiðin til Búdapest í Ungverjalandi og í þann mund sem þeir stigu upp í flugvélina tóku þeir lagði við stóra barinn í Flugstöðinni í Keflavík. Viðbrögð áheyrenda voru með svipuðum hætti og þegar Bítlarnir koma fram, því að þeir áttu í erfiðleikum með að komast fram hjá hrifnæmum áheyrendum í flugvélina og urðu einhverjar tafir á flugi í Keflavík vegna þessa. Þeir sungu einnig í Þinghúsinu og Óperunni í Búdapest við góðan orðstý. Þau hjónin Edit og Miklos skipulögðu ferðina með miklum glæsibrag. Þá tók karlakórinn þátt í Landsmóti karlakóra í Hafnarfirði og á sama hátt var gerður mjög góður rómur að frammistöðu kórsins og lagavali. Landsmótinu lauk með samsöng þar sem allir þáttökukórnir tóku lagið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í lokinn þakkaði forseti Lýðveldisins, hr. Ólafur Ragnar Grímsson fyrir skemmtilega tónleika

Þrjár ferðir á dag

Reykjavík - Selfoss - Reykjavík

Nú hafa Landflutningar-Samskip aukið þjónustu og fjölgað ferðum á milli Selfoss og Reykjavíkur

Frá Reykjavík *virka daga* kl. 9:30 13:30 17:00

(nema föstudaga kl. 16:00)

Frá Selfossi *virka daga* kl. 7:00 9:00 13:00

Aðrar ferðir

Reykjavík - Árnessýsla kl. 12:00

Flúðir - Reykjavík kl. 12:00

tökum það með
trukki

Landflutningar
SAMSKIP



Jólahlaðborð á Hótel Flúðum

Hið vinsæla jólahlaðborð á Hótel Flúðum verður allar helgar frá 26 nóv.-10 desember.

Á hlaðborðinu er úrval girnilegra rétta en þar má meðal annars finna:

Síld og síldarrétti, reyktan og grafinn lax, hrátt hangikjöt, heimalagað sjávarréttapate, villipate, grafið lamb, reyksoðna bleikju, gríساسultu, sjávarétta-salat, hangikjöt, hamborgarhrygg, purusteik, kalkúnabringu, drottningarskinku, eplasalat, grænmeti, brúnaðar kartöflur, nýbakað brauð, laufabrauð, rúgbrauð, smjör og margt fleira. Réttunum fylgir tilheyrandi meðlæti heitar og kaldar sósur og eftirréttir.

Kr. 4.900.- per mann.

Borðapantanir í síma 486-6630

Guðmundur kynnir sér viðarnýtingu í Kanada

Guðmundur Magnússon, trésmíðameistari á Flúðum er hugmyndaríkur maður. Hann hefur ódrepani áhuga á nýtingu trjáviða sem til fellur við grisjun á Íslandi. Hann hefur skemmtilegar- og í raun mjög merki- legar hugmyndir um það hvernig hugsanlega er hægt að nota lerki- og greni í klæðningar á húsum. Á dögnum fór hann ásamt Eiríki Þorsteinssyni formanni viðarnýtingarnefndar til Kanada þar sem þeir félagar voru að kynna sér þessi mál. Nú er bara spurningin hvernig hægt er að útfæra þessar hugmyndir en víst er að með aukinni skóg- rækt á Íslandi er brýnt að nýta trjáviðinn því annars er til lítils barist.

Margar spennandi hugmyndir í gangi

Margir góðir gestir hafa heimsótt okkur að undanfögnu. Þannig hafa fulltrúar frá Íslenska lífmassafélaginu, fulltrúar frá Orfi líftækni og fulltúrar Orkuveitu Reykjavíkur heimsótt okkur með tilliti til ýmissa skemmtilegra framtíðarhugmynda. Óhætt er að segja að orðtakið “orð eru til alls fyrst” eigi hér við því að hér er um framtíðarmál að ræða sem einhverjum þykja sjálfsagt draumkennd. Hins vegar er það skoðun fulltrúa í hreppsnefnd Hrunamannahrepps að nauðsynlegt sé að sinna öllum svona málum því að það er í rauninni skylda okkar að horfa til framtíðar – því eftir því sem atvinnuflóran er fjölbreyttari þess meiri möguleikar eru í sveitarfélaginu.

Hagvöxtur í heimabyggð

Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi fylgist vel með því sem er að gerast í ferðamálum og kynnir ótrauð byggðir og menningu uppsveita Arnessýslu. Nú kynnir hún fyrirhuguð námskeið á vegum útflutningsráðs sem nefnast Hagvöxtur í heimabyggð. meginmarkmið verkefnisins er að aðstoða stjórnendur fyrirtækja við að innleiða skipulögð og árangursrík vinnubrögð við markaðssetningu, stjórnun og vörubrúun og að nýta sér á markvissan hátt markaðstækifæri á erlendum mörkuðum. Mikil áhersla er lögð á svæðisbundna samvinnu innan greinarinnar og að auki er lögð áhersla á að auka menntunarstig almennra starfsmanna. Allar upplýsingar gefur ferðamálafulltrúi.

Aksjón í Efra-Seli

Enn brydda hið hugmyndaríka fólk í Efra – Seli upp á nýjungum. Að þessu sinni er nýjungin reyndar sótt til eldri tíðar. Laugardaginn 26. nóvember verður uppboð í Efra-Seli eða aksjón eins og slíkt var kallað í gamla daga. Aksjónin hefst kl. 14.00. 50% af innkomu rennur til starfs aldraðra í hreppnum. Þeir sem mæta á Aksjónina verða að hafa með sér skotsilfur og gott skap því margt spennandi verður selt þarna ef viðeigandi tilboð fást.

Hestar í óskilum

Í óskilum eru tveir hestar að Hólakoti í Hrunamannahreppi. Annar er brúnn, þrælfullorðinn. Hinn er rauðskjöttur á óræðum aldri. Upplýsingar gefur Halldóra í síma 486-5665.



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**



Frá Bókasafni Hrunamanna.

Nú eru jólabækurnar farnar að berast í bókasafnið og um að gera að koma og líta á þær. Jólabækurnar eru merktar til skammtímaláns, sem þýðir að lánþegi getur haft bókina í tvær vikur. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim.

Lánstími á nýjustu tímaritunum er 1 vika.

Lánstími eldri bóka og tímarita er 4 vikur og útlán má framlengja með einu símtali.

Opnunartími:

Mánudagar	Kl. 20-21
Þriðjudagar	Kl. 16-18
Miðvikudagar	Kl. 16-18
Fimmtudagar	Kl. 16-18

Sími : 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is Verið velkomin.

Skrifstofa Hrunamannahrepps
er opin.

Mánudaga til föstudaga

09:00-12:00 og
13:00-16:00

Fyrirtækjakeppni Golfklúbbsins Flúðir 2005 var haldin í október.

Leiknar voru 9 holur fyrir hvert firma. Fyrirtækjum sem tóku þátt í keppninni eru færðar bestu þakkir.

- | | | | |
|-----|------------------------|-------|---------------------------|
| 1.s | Vatnsveita Básar | 22 p. | Helgi Guðmundsson |
| 2.s | Helgi Daniélsson | 21 p. | Halldór Guðnason |
| 3.s | Brunav. Gnúp. Hrunam. | 21 p. | Fríða Hafsteinsdóttir |
| 4.s | Tjaldsvæðið Álfaskeiði | 20 p. | Ástríður G. Daniélsdóttir |
| 5.s | Perlu kaup hf. | 19 p. | Karl Gunnlaugsson |
| 6.s | Samkaup Strax Flúðum | 19 p. | Þórður Þórðarson |
| 7.s | Íþróttahúsið Flúðum | 18 p. | Pétur Skarphéðinsson |
| 8.s | Flúðaskóli | 17 p. | Sigurður Albertsson |
| 9.s | Hótel Flúðir ehf. | 17 p. | Emil Gunnlaugsson |
| 10. | K B banki Flúðum | 17 p. | Edda Svavarsdóttir |
| 11. | Sundlaugin Flúðum | 17 p. | Jóhannes Sigmundsson |

Önnur fyrirtæki sem tóku þátt í keppninni voru

- | | |
|---------------------------|------------------------------|
| Árvirkinn Selfossi | Ms. MBF. |
| Ferðaþjónustan Syðra- L. | Fjallskilasjóður Hrunamanna |
| Heimaland Flúðum | Hóp- |
| ferðab.GuðmundarTyrfings. | Íslandsbanki Selfossi |
| Hrunamannahreppur. | Karl Gunnlaugsson |
| Kaffisel Efra-Seli | Límtré hf. Flúðum |
| Karl R. Guðmundsson | Prentsmiðja Suðurlands |
| Másbakarí og synir ehf. | Vátryggingafélag Íslands |
| Set ehf. Selfossi | Hársnyrtistofa Leifs |
| Ammagamla Efra-Seli | Hitaveita Flúða og Nágrennis |
| Bílasala Suðurlands | |

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun

Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 897-3741(Hlíf)



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 11..nóv, 25. nóv
og 9. des
Pantið tímanlega.

Tímabantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur. **Opnunartími.**

Mánudaga til fimmtudaga	15:30-21:00
Föstudaga	13:00-20:00
Laugardaga	Lokað
Sunnudaga	15:30-20:00

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Þá er haustið liðið og veturinn kominn í öllu sínu veldi. Við hjá Kvenfélaginu erum byrjaðar á vetrarstarfinu en það hófst formlega með haustfundinum í síðustu viku. Framundan er svo aðventuhátíðin sem er haldin árlega fyrsta sunnudag í aðventu og verður einnig svo núna. Jólafundurinn verður haldinn 11. desember og barnskemmtunin verður síðan haldin að venju.

Okkur langar að þakka hér og nú öllum nefndum og konum sem hafa starfað að öðru, á vegum Kvenfélagsins fyrir frábær störf á liðnu sumri og óskum nýjum nefndum velkomnum til starfa en margar nefndir hófu einmitt störf á haustfundinum.

Það er ósk okkar að við sjáum ykkur sem flest á þeim skemmtunum og öðrum uppákomum sem Kvenfélagið mun standa fyrir á næstunni.

Með kærri kveðju,
Stjórnin.

Frá fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins

Þann 27. nóvember, fyrsta sunnudag í aðventu, verður hinn árlegi fjáröflunardagur Kvenfélagsins. Hann hefst kl. 14:00 í Félagsheimili Hrunamanna með söng Kórs Flúðaskóla.

Spilað verður bingó og fylgir happdrættismiði hverju spjaldi. Fjöldi vinninga er í boði.

Eftir bingóið verður kökubasar og söluborð, einnig verða seldar vöfflur og heitt súkkulaði.

Agætu félagskonur, tekið er á móti kökum á kökubasarinn frá kl. 13:00 laugardaginn 26. nóvember.

Þeir sem áhuga hafa á að vera með söluborð vinsamlegast pantið í síðasta lagi föstudaginn 25. nóvember í síma 893 6423 (Ella Jóna) og 892 5238 (Jóhanna)

Hluti ágóðans rennur til tækjakaupa fyrir fötluð börn við Stuðningsbraut Flúðaskóla.

Hreppamenn við biðjum ykkur að styrkja gott málefni og eiga glaðan dag með okkur.

Fjáröflunarnefndin

Frá námskeiðanefnd Kvenfélagsins :

Mánudaginn 28. nóvember, verður haldið námskeið í pilsasaumi, ef næg þátttaka fæst. Saumað verður einfalt A-sniðs pils. Námskeiðið verður í handavinnustofu Flúðaskóla og hefst kl. 20:00.

Námskeiðsgjald er kr. 2000.-

Það sem þátttakendur þurfa að hafa með er: ca. 80 cm af efni (150 cm breiðu) 20 cm rennilás og tvinni.

Látið vita um þátttöku til: Helgu s. 4866732 eða Ellý s. 4866677

Jólafundur Kvenfélagsins verður sunnudaginn 11. desember kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Að venju verður pakkarugl og fleira skemmtilegt.

Mætum vel, og eigum saman ánægjulega kvöldstund á jólaföstudunni

Fyrirhugað er námskeið “Lesið í skóginn og tálgað í tré “ á næsta ári, nánar auglýst í janúar Pésa.

Hin árlega jólastjörnusalá Kiwanisklúbbsins Gullfoss verður helgina 25-27. nóv. n.k.

Að þessu sinni verður ágóða af sölunni varið til styrktar tölvukaupa fyrir tvö börn sem eiga við fötlun að stríða, annað í Hrunamannahreppi en hitt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Kiwanisklúbburinn Gullfoss hélt upp á 20 ára afmæli sitt með góðum fagnaði á s.l. vori í Golfskálanum á Efra-Seli. Klúbburinn hefur á sínum ferli styrkt mörg góð málefni, ekki síst þar sem börn eiga hlut að máli, enda er eitt aðal kjörorð Kiwanishreyfingarinnar "BÖRNIN FYRST OG FREMST"

Reiknað á núvirði hefur framlag klúbbsins okkar til velferðarmála numið milljónum króna. Þetta er skemmtilegur og mannþætandi félagsskapur og eru nýir félagar velkomnir. Núverandi forseti Gullfoss er Sigurður Björgvinsson, Skarði.

Fyrir hönd Gullfoss, Jóhannes Sigmundsson, blaðafulltrúi